

FUNDARGERÐ



Sveitarstjórn Pingeyjarsveitar

102. fundur

í Kjarna fimmtudaginn 10. maí 2012 kl. 13:00

Dagskrá:

1. Fundarsetning:
2. Húsnæðismál Barnaborgar:
3. Ársreikningur 2011 – síðari umræða:
4. Ráðningasamningar við skólalábstjóra:
5. Erindi frá Félagi eldri borgara í Pingeyjarsveit:
6. Lántaka:
7. Aðalfundur Atvinnuþróunarfélags Pingeyinga 2012:

Til kynningar:

- a) Fundargerð 796. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga:
- b) Fundargerðir stjórnar og aðalfundar MMP frá 24.04.2012:
- c) Fundargerð stjórnar Héraðsnefndar frá 20.04.2012:

Mætt: Ólína Arnkelsdóttir, Ásta Svavarsdóttir, Friðrika Sigurgeirsdóttir, Arnór Benónýsson, Árni Pétur Hilmarssonar, Margrét Bjarnadóttir og Ásvaldur Þormóðsson auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

1. Fundarsetning:

Oddviti setti fund. Hann óskaði eftir að tekið yrði á dagskrá undir 3. lið; Vegstæði Þeistareykjavegar syðri, aðrir liðir færast neðar á dagskrá sem því nemur. Þá óskaði hann eftir að tekið yrði á dagskrá undir 9. lið; fyrirhuguð kaup sveitarfélaga á Norðausturlandi á jörðinni Grímsstöðum á Fjöllum. Samþykkt samhljóða.

2. Húsnæðismál Barnaborgar:

Húsnæðismál Barnaborgar tekin til umræðu. Skipulagsfulltrúi mætti til fundarins undir þessum lið og kynnti hugmyndir sem eru í vinnslu varðandi húsnæðismál Barnaborgar.

Sveitarstjórn samþykkir að farið verði í teikningar og hönnun á húsnæði fyrir leikskóla inn í núverandi húsnæði Hafralækjarskóla með það fyrir augum að leikskóladeildin Barnaborg verði flutt þangað.

3. Vegstæði Þeistareykjavegar syðri:

Lögð fram fundargerð frá fundi sem haldinn var með Hreini Hjartarsyni fulltrúa Þeistareykja ehf. þann 09.05.2012 og varðar vegstæði Þeistareykjavegar syðri. Oddviti og skipulagsfulltrúi gerðu grein fyrir fundargerðinni.

Með vísan til niðurstöðu fundarins beinir sveitarstjórn þeim tilmælum til Þeistareykja ehf. að gerð verði ný tillaga að veglínu í samráði við Landsnet og Vegagerðina. Óskað er eftir að ný veglína liggja í sem næst beinni stefnu milli lengdarpunkta 30.000 m og 39.600 m þannig að vegur fari út af grónu land.

4. Ársreikningur 2011 – síðari umræða:

Ársreikningur 2011 lagður fram til síðari umræðu ásamt endurskoðunarskýrslu frá KPMG.

Ársreikningur samþykktur samhljóða og undirritaður. Ársreikningurinn verður aðgengilegur á heimasíðu sveitarfélagsins.

5. Ráðningasamningar við skólabílstjóra:

Ráðningasamningar við skólabílstjóra í Þingeyjarsveit vegna skólaaksturs voru teknir til umræðu. Sveitarstjóri gerði grein fyrir fundi sem hann og oddviti áttu með skólabílstjórum þann 4. maí s.l.

Samþykkt að framlengja gildandi ráðningasamninga við skólabílstjóra vegna skólaaksturs til fjögurra ára og sveitarstjóra falið að ganga frá framlengingu samninga.

6. Erindi frá Félagi eldri borgara í Þingeyjarsveit:

Lagt fram erindi frá Félagi eldri borgara í Þingeyjarsveit þar sem óskað er eftir styrk vegna sumarferðar félagsins þann 19. júní n.k.

Sveitarstjórn samþykkir styrk kr. 200.000 samkvæmt fjárhagsáætlun.

7. Lántaka:

Lögð fram að nýju hugmynd að lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga vegna fjárfestinga.

Sveitarstjórn samþykkir að sækja um lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 60.000.000 kr.

8. Aðalfundur Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga 2012:

Lagt fram aðalfundarboð Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga 2012 sem haldinn verður 18. maí n.k.

Samþykkt að sveitarstjóri fari með umboð Þingeyjarsveitar á fundinum.

9. Fyrirhuguð kaup sveitarfélaga á Norðausturlandi á jörðinni Grímsstöðum á Fjöllum:

Boðað er til stofnfundar 11. maí n.k. vegna fyrirhugaðra kaupa sveitarfélaga á Norðausturlandi

á jörðinni Grímstöðum á Fjöllum. Lagt er til að stofnað verði einkahlutafélag um kaupin með dreifðri eignaraðild sveitarfélaganna.

Samþykkt að senda Arnór Benónýsson og Árna Pétur Hilmarsson á fundinn til frekari upplýsingaöflunar.

Til kynningar:

- d) Fundargerð 796. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga:
- e) Fundargerðir stjórnar og aðalfundar MMP frá 24.04.2012:
- f) Fundargerð stjórnar Héraðsnefndar frá 20.04.2012:

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:15

Ólína Arnkelsdóttir

Arnór Benónýsson

Margrét Bjarnadóttir

Ásta Svavarsdóttir

Friðrika Sigurgeirsdóttir

Árni Pétur Hilmarsson

Ásvaldur Þormóðsson